

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 3. júní 2021

Mál nr. E-152/2019:

**Guðrún Rut Hreiðarsdóttir**  
(*Haukur Freyr Axelsson lögmaður*)  
**gegn**  
**Vátryggingafélagi Íslands hf.**  
(*Svanhvít Axelsdóttir lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta sem er um viðurkenningu skaðabótaréttar er höfðað 14. júní 2019 og fyrst dómtekið 19. febrúar 2020. Málið var endurflutt og dómtekið að nýju 29. mars 2021 og aftur í dag.

Stefnandi er Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, [...].

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að slys stefnanda 6. apríl 2016 sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu sem hestamannafélagið Léttir hafði í gildi hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands á slysdegi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar án tillits til gjafsóknar sem henni hefur verið veitt hér fyrir dómi, en að teknu tilliti til virðisaukaskattskyldu.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að sök verði skipt og bótaréttur eingöngu viðurkenndur í samræmi við þá sakarskiptingu. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Eins og getið er um hér að framan var mál þetta fyrst flutt 19. febrúar 2020. Dómsformaður í málinu lét af störfum 1. október 2020 án þess að dómi hefði verið lokið á málið og var málið því endurflutt 29. mars sl. eftir að nýr embættisdómari hafði verið fenginn til setu í dóminum.

## Málavextir og helstu ágreiningsefni

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri hugðist halda keppni í skeiði í reiðhöll sinni, sem hluta af KEA mótaröð, sem félagið stóð fyrir. Keppnin skyldi fara fram 8. apríl 2016. Auglýsti félagið æfingu þann 6. apríl fyrir þá sem hugðust taka þátt í keppninni. Stefnandi, sem er reiðkennari og tamningakona, mætti til æfingarinnar á hestinum Náttara, 14 vetra fulltömdum hesti, sem oft hafði áður keppt í skeiði bæði innan- og utanhúss. Hestinn hafði stefnandi fengið að láni hjá eiganda hans og hugðist keppa á honum í flugskeiði 8. apríl.

Keppnisbrautin var þannig að keppandi skyldi leggja hest sinn á skeið inn um dyr á öðrum gafli reiðhallarinnar, fara eftir endilangri keppnisbraut innanhúss og síðan út úr húsinu um dyr á öndverðum gafli þess. Á fyrsta skeiðspretti stefnanda gekk allt að óskum framan af en síðan hljóp hesturinn út undan sér og snarstansaði þannig að stefnandi féll

af baki og slasaðist. Þetta átti sér stað fyrir utan reiðhöllina en ágreiningur er um hvar hesturinn nákvæmlega hljóp út undan sér. Telur stefnandi að það hafi gerst um leið og hesturinn kom á flugskeiði út um dyraop reiðhallarinnar en stefndi telur ósannað hvar nákvæmlega hesturinn hafi fælst og hvers vegna.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að því hvort slysið megi rekja til þess að ekki hafi verið sett upp svokölluð niðurhægingarbraut frá dyraopi reiðhallarinnar og þá hver beri að lögum ábyrgð á því að svo hafi ekki verið gert. Stefnandi kveður hestamannafélagið Létti bera ábyrgð þessum ætlaða vanbúnaði. Hestamannafélagið var á umræddum tíma með ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda tryggingafélagi og er því síðarnefnda einu stefnt í málinu með heimild í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Stefndi telur slysið ekki vera á ábyrgð hestamannafélagsins heldur megi rekja það til óhappatilviks. Þá sé sök hestamannafélagsins ósönnuð og um hafi verið að ræða opna æfingu sem ekki hafi verið á vegum þess. Þá sé orsakasamhengi ósannað og ekki hafi verið brotið gegn lögum og reglugerðum af hálfu hestamannafélagsins.

Stefnandi leitaði sér læknishjálpar strax og reyndist hún vera ökklabrotin.. Síðar fór fram mat á læknisfræðilegri örorku og í matsgerð 3. apríl 2018 var hún talin 8%.

Stefnandi gerði kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu hestamannafélagsins hjá stefnda 31. október 2016 og hafnaði stefndi bótaskyldu. Stefnandi bar þá úrlausn undir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum 4. janúar 2017 og hafnaði nefndin kröfu stefnanda 7. febrúar sama ár. Taldi nefndin ekki sýnt fram á að hestamannafélaginu hafi borið að leggja línur utan við reiðhöllina eða að slíkar línur hefðu ráðið einhverju um það að hesturinn hefði ekki hlaupið út undan sér í umrætt sinn.

### **Málsástæður stefnanda**

Stefnandi byggir á því að slysið þann 6. apríl 2016 sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka, sem hafi verið í gildi á slysdegi hjá stefnda. Stefnandi sé einum stefnt á grundvelli heimildar í 1. mgr. 44. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Byggt sé á því að váttryggingartaki sé skaðabótaskyldur á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að slysið megi að öllu leyti rekja til vanbúnaðar og hættulegra aðstæðna í reiðhöll váttryggingartaka á slysdegi, þar sem starfsmenn hafi vanrækt að setja upp niðurhægingarbraut fyrir þá knapa sem tekið hafi þátt í skeiðæfingu sem félagið hafi haldið. Með þessu hafi váttryggingartaki bakað sér skaðabótaábyrgð og því sé slysið bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu félagsins hjá stefnda.

Stefnandi byggir á því að váttryggingartaki hafi borið ábyrgð á aðbúnaði og aðstæðum á æfingunni sem hann hafi haldið í reiðhöll sinni þann 6. apríl 2016. Í bréfi stefnda frá 17. nóvember 2016, sé því haldið fram að váttryggingartaki hafi ekki borið ábyrgð á aðbúnaðinum á æfingunni þar sem um opna æfingu hafi verið að ræða, þar sem þeir knapar sem hafi viljað hafi haft aðgang að reiðhöllinni. Þessu kveðst stefnandi mótmæla sem röngu og bendir á að um skipulagða æfingu af hálfu váttryggingartaka hafi verið að ræða. Æfingin hafi verið haldin fyrir þá knapa sem ætlað hafi að keppa í skeiði í KEA mótariðinni tveimur dögum síðar, en váttryggingartaki hafi staðið fyrir þeirri

mótaröð. Um þetta vísist til skjáskota af stöðuuppfærslum á Facebook síðu váttryggingartaka dagana fyrir slysið og á slysdegi. Í stöðuuppfærslu, sem stafi frá framkvæmdastjóra félagsins, og sé dagsett 6. apríl komi fram að þann dag hafi höllin verið opin fyrir „almenning“ til kl. 17, lokuð frá kl. 17 til 19, en frá kl. 19 til 22 hafi hún verið opin fyrir skeiðæfingar og húsið opið í báða enda. Að mati stefnanda sé augljóst að frá kl. 19 til 22 þennan dag hafi höllin einungis verið opin fyrir knapa sem hafi ætlað að æfa sig í skeiði fyrir keppnina tveimur dögum síðar. Æfingin hafi enda verið auglýst sem skeiðæfing og því vandséð að aðrir félagsmenn ættu erindi á slíka æfingu. Aðrir félagsmenn hafi haft höllina til afnota til kl. 17 þann dag. Máli sínu til stuðnings vísi stefnandi til yfirlýsingar vitnisins [...] sem liggi fyrir í málinu. Af þessu telji stefnandi ljóst að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni á skeiðæfingu sem váttryggingartaki hélt og skipulagði. Æfingin hafi verið haldin í reiðhöll félagsins og hafi félagið borið alla ábyrgð á aðbúnaði og aðstæðum á æfingum sem það hafi haldið þar.

Í gögnum málsins sé að finna ljósmyndir sem teknar hafi verið skömmu eftir slysið og sýni dyrnar sem stefnandi og aðrir sem tekið hafi þátt í æfingunni hafi skeiðað út um í umrætt sinn. Hægra megin við dyrnar séu þar til gerðir staurar og keilur til að festa línur í og útbúa niðurhægingarbraut, en váttryggingartaki hafi ekki hlutast til um að setja þær upp áður en æfingin hafi byrjað. Þar sem engin niðurhægingarbraut hafi verið til staðar, líkt og stefnandi og hesturinn sem hún sat hafi mátt gera ráð fyrir, hafi hesturinn strax beygt til hægri í stað þess að fara beint áfram og hægja rólega á sér. Þessi skyndilega hreyfing hestsins hafi orðið til þess að stefnandi hafi fallið af baki. Stefnandi hafi ekki tekið eftir því að niðurhægingarbrautina vantaði fyrr en eftir að hún hafi fallið af baki. Stefnandi bendi á að stefndi hafi viðurkennt að keilurnar og línurnar hafi almennt verið notaðar til þess að útbúa niðurhægingarbraut en á æfingunni 6. apríl hafi knöpum borið að setja línurnar upp sjálfir ef þeir hafi talið þörf á því.

Stefnandi byggir á því að æfingasvæðið í reiðhöll váttryggingartaka hafi verið vanbúið og hættulegt þar sem engin niðurhægingarbraut hafi verið til staðar fyrir utan dyraopið sem ríða átti út um. Á flugskeiði sé riðið mjög hratt og með því að hafa ekki niðurhægingarbraut hafi váttryggingartaki skapað mikla slysaþættu fyrir þá knapa og hesta sem riðið hafi út um dyraopið í umrætt sinn. Váttryggingartaki hafi mátt gera sér grein fyrir þeirri slysaþættu sem þessi vanbúnaður hafi skapað. Slíkur vanbúnaður sé til þess fallinn að valda því að hestar rjúki með knapa út um dyraopið, í hvaða átt sem er, án þess að mögulegt sé að hægja þá niður, líkt og hafi gerst í tilfelli stefnanda. Stefnandi byggir á því að váttryggingartaki hefði getað komið í veg fyrir slysið með því að koma upp slíkri niðurhægingarbraut fyrir utan dyr reiðhallarinnar fyrir æfinguna. Um einfalda ráðstöfun hefði verið að ræða, þ.e. dugað hefði að setja upp nokkrar keilur og tengja línur eða kaðla í þær. Að mati stefnanda sé nauðsynlegt að setja upp línur og afmarka svæði þar sem leggja eigi hesta á skeið svo hestarnir sem verið sé að skeiðleggja geti áttað sig á því hvar brautin endi og hvar þeir eigi að hægja ferðina og nema staðar. Stefnandi hafi haldið því fram að það sé í eðli hesta að hlaupa til hliðanna og menn megi ávallt gera ráð fyrir því. Stefnandi mótmæli þessu sem röngu. Hesturinn sem hún hafi setið hafi verið fulltaminn 14 vetra skeiðhestur sem oft hafði verið keppt á. Slíkur hestur sé ekki líklegur til þess að hlaupa skyndilega út til hliðanna í miðjum skeiðspretti. Stefnandi byggir á því

að eina ástæða þess að hesturinn hafi brugðist við á þann hátt sem hann hafi gert sé sú að niðurbæturbraut hafi ekki verið komið fyrir af hálfu váttryggingartaka. Það hafi því verið vegna þeirra hættulegu aðstæðna sem hafi verið til staðar sem hesturinn hafi brugðist við á þann hátt sem hann hafi gert, en ekki vegna eðlis hans. Stefnandi telji að það hefði ekki verið möguleiki fyrir hestinn að hlaupa til hliðanna þegar út um dyraopið hafi verið komið ef niðurbæturbraut hefði verið til staðar.

Reiðhöll váttryggingartaka teljist til íþróttahúss að mati stefnanda. Strangar kröfur séu gerðar um aðbúnað og aðstæður í slíkum húsum. Máli sínu til stuðnings vísir stefnandi til 1. mgr. 54. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Í því ákvæði sé kveðið á um að rekstri íþróttahúsa skuli háttáð á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þangað komi sé sem best tryggt. Í 3. mgr. ákvæðisins segi að rekstraradili beri ábyrgð á að búnaður til íþróttaiðkunar sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Auk þess vísir stefnandi til reglna um öryggi í íþróttahúsum sem gefnar hafi verið út árið 2002, en reglurnar hafi verið settar með stöð í íþróttalögum nr. 64/1998. Í reglunum séu lagðar strangar skyldur á ábyrgðarmenn og starfsmenn íþróttahúsa, m.a. varðandi öryggisbúnað og gæslu.

Stefnandi bendir á að váttryggingartaki sé aðili að Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA), sem sé aðili að Landssambandi Hestamanna (LH) og Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ). Váttryggingartaki sé því háður lögum, reglum og samþykktum íþróttahreyfingarinnar, líkt og fram komi í 1. gr. laga félagsins. Stefnandi byggir á því að við mat á því hvort aðbúnaður og aðstæður hafi verið forsvaranlegar á æfingunni þann 6. apríl 2016 beri að líta til laga og reglugerða um keppni á vegum Landssambands Hestamanna. Lögin og reglurnar eigi enda ekki einungis við um keppni, heldur einnig þjálfun fyrir keppni. Um þetta vísist m.a. til gr. 1.1.2 um tilgang laganna og gr. 2.2.1.1 þar sem fram komi að á öllum stigum undirbúnings og þjálfunar keppnishrossa skuli velferð hrossins hafa forgang fram yfir allt annað. Í gr. 2.2.3.1 segi að hross skuli einungis þjálfuð eða látin keppa á hentugu og öruggu undirlagi. Allar afmarkanir skuli hannaðar með öryggi hrossa í fyrirrími. Þá segi í ákvæði 8.5.1 um skeiðvelli: „Völlurinn skal vera beinn; 250 m langur, jafn, fastur og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Um það bil 8 m pláss fyrir start og um það bil 50 m niðurbæturarkafli. Girðing skal ná a.m.k. 10 m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins. Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún truflí. Yfirdómari verður að samþykkja völinn“

Af málsatvikum sé ljóst að skeiðvöllur váttryggingartaka hafi ekki uppfyllt framangreind ákvæði og hafi verið ólíkur því sem stefnandi, aðrir knapar og hestar sem tekið hafi þátt í æfingunni hafi mátt gera ráð fyrir. Byggt sé á því að þar sem um skipulagða æfingu fyrir keppni hafi verið að ræða, hafi stefnandi mátt gera ráð fyrir að skeiðvöllurinn væri útbúinn á sama hátt og í keppni, þ.e. að sérstakur niðurbæturarkafli væri til staðar. Með því að svo hafi ekki verið hafi váttryggingartaki bakað sér skaðabótaábyrgð.

Þá bendi stefnandi á að strax eftir að hún hafi lent í slysinu hafi starfsmenn váttryggingartaka komið upp línunum og hafi búið til sérstaka niðurrhægingarbraut til að koma í veg fyrir frekari slys, líkt og fram komi í yfirlýsingu vitnisins [...], sem tekið hafi þátt í æfingunni með stefnanda. Að mati stefnanda hafi falist í þessari háttsemi starfsmanna váttryggingartaka viðurkenning á því að aðbúnaður og aðstæður í reiðhöllinni hafi verið hættulegar þegar stefnandi hafi lent í slysinu.

Að lokum bendi stefnandi á að Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi lagt það til grundvallar í úrskurði sínum að hesturinn sem stefnandi hafi setið hafi átt það til að rjúka út undan sér. Þessi staðhæfing hafi komið fram í athugasemdum stefnda til nefndarinnar án þess að nokkur gögn lægju henni til grundvallar. Stefnandi bendi á að þessi staðhæfing sé röng og ósönnuð en það sé stefndi sem beri sönnunarbyrði fyrir henni. Hið rétta sé að hesturinn Náttar frá Dalvík hafi verið 14 vetra á slysdegi. Hann hafi verið fulltaminn og alvanur því að keppt væri á honum í skeiði án nokkurra vandræða. Hesturinn hafi hins vegar ekki verið vanur því að fara á fullri ferð á skeiði út um opnar hurðir á reiðhöllum án niðurrhægingarbrautar. Stefnandi telji að hesturinn hefði aldrei beygt meðfram húsinu ef ekki hefði verið fyrir það að niðurrhægingarbrautina hafi vantað.

Stefnandi byggir á því að þeir starfsmenn váttryggingartaka sem staðið hafi að æfingunni og haldið hafi utan um hana hafi sýnt af sér vanrækslu og saknæma háttsemi í aðdraganda slyssins þar sem þeim hafi láðst að setja upp niðurrhægingarbraut áður en stefnandi hafi tekið skeiðsprettinn í gegnum höllina og út um opnar dyrnar. Byggt sé á því að váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, þ.e. ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri og ólögmati háttsemi starfsmanna sinna.

Stefnandi ítreki það sem áður hafi komið fram, þ.e. að æfingin hafi verið haldin og skipulögð af váttryggingartaka, enda í hans reiðhöll. Auk þess komi fram í gögnum málsins að starfsmaður á vegum váttryggingartaka hafi verið á æfingunni og hafi séð um að gera völlinn tilbúinn fyrir æfinguna. Í yfirlýsingu vitnisins [...] komi fram að um skipulagða æfingu váttryggingartaka hafi verið að ræða og að starfsmaður hafi verið á svæðinu til að undirbúa og fylgjast með æfingunni. Komi þar einnig fram að starfsmanninum hafi láðst að koma fyrir niðurrhægingarbraut áður en æfingin hafi byrjað líkt og venjulega sé gert. Þetta hafi hann ekki gert fyrr en eftir að sjúkrabíll hafi flutt stefnanda í burtu.

Stefnandi byggir á því að það hafi verið í verkahring starfsmanna váttryggingartaka, en ekki knapa sem tekið hafi þátt í æfingunni, að setja upp sérstaka niðurrhægingarbraut. Starfsmenn váttryggingartaka hafi þekkt reiðhöllina til hlítar og þann búnað sem váttryggingartaki hafi búið yfir. Hafi þeir því borið alla ábyrgð því á að aðstæður á æfingu sem haldin hafi verið í reiðhöllinni væru í lagi. Um það vísist einkum til fyrrgreindra ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, reglna um öryggi í íþróttahúsum frá 2002 og laga og reglugerða Landssambands Hestamanna, útg. 2 frá 2016.

Stefnandi hafi enga vitneskju haft um það hvar búnaður til að afmarka völlinn hafi verið geymdur auk þess sem hún hafi verið mætt á æfinguna til að æfa skeið fyrir keppni og hafi gert ráð fyrir að búið væri að stilla upp fullnægjandi skeiðvelli. Hún hafi ekki haft

vitneskju um það að starfsmönnum hafi láðst að koma upp niðurbæturbraut fyrir utan dyrnar sem hún hafi átt að ríða út um.

Stefnandi byggir á því að hún hafi ekki sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn og því séu ekki forsendur til að láta hana bera nokkra ábyrgð á slysinu. Stefnandi hafi lagt hestinn á skeið á hefðbundinn hátt og hafi ekkert gert til að styggja hann, enda vanur knapi og reiðkennari. Hún hafi því ekki getað séð það fyrir að á enda brautarinnar væri engin niðurbæturbraut og hafi því með öllu verið óviðbúin þegar hesturinn hafi stokkið upp og beygt skyndilega þegar út úr reiðhöllinni hafi verið komið.

Stefnandi hafi hvorki borið ábyrgð á þeim aðbúnaði og þeim hættulegu aðstæðum sem hafi verið til staðar í reiðhöllinni, né hafi hún borið ábyrgð á vanrækslu starfsmanna en þessir þættir hafi verið ráðandi orsakathættir í því að slysið hafi orðið. Vátryggingartaki hafi að mati stefnanda borið alla ábyrgð á þessum atriðum, enda æfingin haldin í reiðhöll hans og skipulögð af honum.

Stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu, en strax eftir slysið hafi hún verið flutt á slyshadeild FSA. Við komu þangað hafi hún verið greind með ökklabrot og tekin til aðgerðar. Í kjölfarið hafi stefnandi verið til meðferðar hjá heimilislækni og sjúkráþjálfara vegna afleiðinga slyssins. Um varanlegt líkamstjón hafi verið að ræða og hafi það verið metið til 8% læknisfræðilegrar örorku, sbr. matsgerð Stefáns Carlssonar bæklunarskurðlæknis dags. 3. apríl 2018.

Stefnandi byggir á því að skýr orsakatengsl séu á milli varanlegs líkamstjóns hennar og saknæmrar háttsemi vátryggingartaka og vísist um það einkum til læknisfræðilegra gagna málsins og fyrirbyggjandi örorkumatsgerðar.

Málsókn og kröfugerð byggir á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en stefnandi hafi mikla hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist og efni kröfu hennar á hendur stefnda. Sýnt hafi fram á tjón hennar og hagsmuni m.a. með framlögðum læknisfræðilegum gögnum og örorkumatsgerð.

Um heimild til höfðunar viðurkenningarmáls sé vísað til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um bótaábyrgð sé vísað til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum, og almennra reglna skaðabótaréttar, þ.á m. sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna sinna. Stefnandi vísi til reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, reglna um öryggi í íþróttahúsum frá 2002 og laga og reglugerða um keppni á vegum Landssambands Hestamanna, útg. 2 frá 2016. Stefnandi vísi auk þess til ákvæða laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Um aðild málsins sé vísað til 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga sem og III. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing sé vísað til ákvæða V. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi málskostnað vísi stefnandi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt byggir á ákvæðum laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

### **Málsástæður stefnda**

Stefndi kveðst mótmæla öllum málsástæðum stefnanda. Byggir stefndi á að í máli þessu gildi almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar utan samninga sem feli í sér að

sönnunarbyrðin hvíli óskipt á stefnanda. Hún verði að sanna að slysið sé að rekja til atvika sem váttryggingartaki beri að lögum skaðabótaábyrgð á og þar með að bótaréttur sé til staðar úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka hjá stefnda, á grundvelli skilmála tryggingarinnar.

Stefndi byggi sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að ósannað sé að umstefnt atvik hafi orðið af ástæðum sem váttryggingartaki beri að lögum skaðabótaábyrgð á heldur sé það hreint og klárt óhappatilvik og/eða að rekja til aðgæsluleysis stefnanda sjálfrar. Í því tilviki verði skaðabótaábyrgð ekki lögð á váttryggingartaka heldur verði stefnandi að bera tjón sitt sjálf.

Eins og atvikum sé lýst í stefnu þá hafi stefnandi slasast þegar hún hafi fallið af hestbaki er hún hafi verið að æfa skeið í gegnum reiðhöll váttryggingartaka.

Nánar sé þessu lýst svo á bls. 2 í stefnu: „Vel gekk að leggja hestinn en þegar stefnandi kom út úr höllinni stökk hesturinn upp og beygði skyndilega til hægri upp með höllinni með þeim afleiðingum að stefnandi féll af baki.“

Í tilkynningu á dskj. 6 sé þessu lýst þannig af stefnanda: „Var á hestbaki að leggja á skeið í gegnum reiðhöllina á Akureyri. Höllin var opin í báða enda. Það gekk vel að leggja en þegar hesturinn er að koma á enda brautarinnar og út þá stekkur hann upp og snarbeygir upp með húsinu og neglir niður. Þegar hann neglir niður dett ég af honum og lendi á ökklanum og hann brotnar. Þetta var ófyrirséð og engum að kenna, bara óhapp.“ Nokkru síðar, um ábyrgð á slysinu segir: „Ég tel engan annan bera ábyrgð á slysinu.“

Af þessum lýsingum sé ljóst að ástæða þess að stefnandi féll af baki í umrætt sinn hafi eingöngu verið að rekja til hestsins sem hún hafi verið á og stjórnunar hennar á honum. Ástæðuna hafi ekki verið að rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða einhvers sem félagið hafi borið ábyrgð á; hvorki hafi verið um að kenna aðbúnaði eða aðstæðum í reiðhöllinni eða að starfsmenn váttryggingartaka hafi sýnt af sér einhverja saknæma háttsemi.

Lýsingar sýni að hesturinn hafi einfaldlega hlaupið út undan sér, eins og stefnandi hafi sagt hann eiga til að gera, eða að einhvers konar styggð hafi komið að hestinum og hann því brugðist við með þessum hætti. Megi gera ráð fyrir að ekki sé óvenjulegt að styggð geti komið að hestum og þeir þá brugðist við með óvæntum hætti, án þess að eitthvað saknæmt sé þar að baki. Enda hestar í eðli sínu flóttaskepnr og hlaupi til ef eitthvað verði til að þeim t.d. bregði og leitist þá einnig við að losa sig við knapann.

Það að hestur hlaupi út undan sér eða að styggð kom að hesti í þessum aðstæðum, þegar hann annað hvort hafi verið að koma að enda brautarinnar á leið út úr reiðhöllinni eða þegar hann hafi verið kominn út, og viðbrögð hans tengd því, sé því ekkert annað en tilviljanakenndur atburður sem ekki hafi verið neinum að kenna og enginn hafi ráðið við að gerðist, nema þá stefnandi sjálf. Óhapp af því tagi sem stefnandi hafi orðið fyrir sé því óútreiknanlegt og ekki við váttryggingartaka að sakast að það hafi gerst.

Stefndi bendi þessu til áréttingar á þá afstöðu stefnanda sjálfrar, bæði í samtali við framkvæmdastjóra váttryggingartaka strax í kjölfar slyssins og í tilkynningu á dskj. 6 um 9 dögum síðar, að þetta hafi verið óhapp sem enginn annar en hún hafi borið ábyrgð á. Sýni það að stefnandi sjálf hafi litið svo á þegar í upphafi að slysið væri óhapp og telji stefndi að leggja beri það til grundvallar.

Að auki megi ætla að vanur knapi eins og stefnandi, en hún sé bæði reiðkennari og tamningamaður, megi vita, og þá megi vera viðbúin því, að styggð geti komið að hesti í aðstæðum sem þessum, þegar hann sé við það að fara út úr reiðhöllinni eða rétt kominn út. Einnig hafi hún, að eigin sögn, haft vitneskju um þá tilhneigingu hestsins að hlaupa út undan sér, sem gefið hafi henni enn frekar ástæðu til að vera viðbúin því að það gæti gerst. Sök ef einhver sé, sé því alfarið stefnanda sem þá hafi ekki gætt nægilega að sér, í aðstæðum sem þessum.

Stefndi telji þannig augljóst að slys stefnanda hafi verið óhappatilvik og ekki neinum um að kenna nema þá helst henni sjálfri.

Stefndi byggi sýknukröfu sína í öðru lagi á því að það sé með öllu ósannað að váttryggingartaki eða starfsmenn félagsins hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með þeim hætti sem stefnandi byggi á í stefnu.

Í stefnu sé saknæm háttsemi váttryggingartaka (eða starfsmanna félagsins) talin felst í því að ekki hafi verið sett upp svokölluð „niðurhægingarbraut“ eða „niðurhægingarkafli“ utan við opnar dyr reiðhallarinnar, þegar húsið hafi verið opið fyrir æfingar þetta kvöld. Með því hafi váttryggingartaki vanrækt að tryggja aðbúnað og aðstæður á slysstað.

Stefnandi byggi það á því að þetta hafi verið æfing á vegum váttryggingartaka sem hafi farið fram í íþróttahúsi og brotið hafi verið gegn reglugerð nr. 941/2002, reglum um öryggi í íþróttahúsum útg. 2002 og lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH, útg. 2 frá 2016. Að auki sé byggt á því að niðurhægingarbraut hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir að hestar rjúki af stað með knapa um leið og þeir komi út úr húsinu.

Stefndi mótmæli því alfarið sem röngu og ósönnuðu að um saknæma háttsemi váttryggingartaka hafi verið að ræða að þessu leyti og að brotið hafi verið gegn tilvitnuðum ákvæðum þeirra reglna og reglugerð sem stefnandi haldi fram og byggi á. Telji stefndi fullyrðingar stefnanda um meinta sök með öllu ósannaðar.

Stefndi vilji vekja athygli á, að það virðist ekki fyllilega ljóst hvar það hafi verið sem styggð hafi komið að hestinum og/eða honum hafi verið brugðið eða hann hafi byrjað að hlaupa út undan sér. Á dskj. 6 sé talað um að það hafi gerst þegar hesturinn hafi verið að koma á enda brautarinnar og út. Í stefnu sé hins vegar talað um að það hafi gerst þegar hesturinn hafi verið kominn út úr reiðhöllinni.

Það sé því að mati stefnda ekki samhljómur í því í málatilbúnaði stefnanda, hvar hesturinn hafi tekið það stökk sem síðar hafi orðið til að stefnandi hafi fallið af baki. Af því leiði að engan veginn liggi fyrir að það hafi eitthvað með það að gera að ekki hafi verið niðurhægingarbraut til staðar utan við dyrnar. Kunni allt eins að vera eitthvað annað í og við enda brautarinnar, og þá jafnvel inni í reiðhöllinni, hafa orðið til þess að hesturinn hafi stokkið til. Í öllu falli telji stefndi slíkan vafa vera um atvik að þessu leyti, að sakarábyrgð váttryggingartaka komi ekki til greina.

Stefndi hafni því sem röngu og ósönnuðu að um auglýsta skipulagða æfingu á vegum váttryggingartaka hafi verið að ræða. Heldur hafi reiðhöllin verið opin á þessum tíma fyrir þá sem hafi viljað æfa sig fyrir skeiðgreinar sem þeir hugðust keppa í á KEA-mótaröðinni.



Eins og fram komi í gögnum málsins hafi verið tilkynnt á facebook síðu váttryggingartaka þann 4.4., að 6.4. væri opin skeiðæfing og allir velkomnir. Það hafi svo verið minnt á þetta 6.4. og að þessi opna æfing myndi byrja kl. 19.

Stefndi hafni því að með þessu sé verið að tilkynna um að váttryggingartaki standi fyrir sérstakri skeiðæfingu fyrir alla keppendur. Hér sé einfaldlega verið að auglýsa kvöldopnun í reiðhöllinni til æfinga fyrir þá sem hafi ætlað að taka þátt í KEA-mótaröðinni og hefðu áhuga á því að æfa. Fólki hafi verið frjálst hvort það nýtti sér opnunina eða ekki, hvenær það þá mætti og hvernig það hagaði æfingum. Endurspeglit það sérstaklega í orðalaginu „opin skeiðæfing, allir velkomnir.“. Æfing þessi hafi ekki verið á vegum váttryggingartaka og enginn starfsmanna félagsins hafi verið þar viðstaddur enda æfingin eftir hefðbundinn opnunartíma í reiðhöllinni og eftir að starfsmannavakt þar hafi lokið sem hafi verið kl. 17:00.

Alvanalegt sé að opnar æfingar sem þessi séu fyrir keppnir, þar sem reiðhöllin sé opin fyrir þá keppendur sem það vilji. Megi segja að þá sé verið að lána aðstöðuna en knapar sjái sjálfir um æfingar og hagi þeim eftir eigin höfði. Þeir æfi því á eigin forsendum og ábyrgð. Stefnandi hafi því mætt til æfinga kvöldið 6.4.2016 á eigin vegum og að eigin frumkvæði. Fullyrðingum í málatilbúnaði stefnanda um annað, og að þetta hafi verið skipulögð æfing á vegum váttryggingartaka, sé því hafnað enda séu þær rangar og ósannaðar.

Stefndi hafni því að skylt hafi verið að setja upp niðurrhægingarbraut utan við reiðhöllina á æfingu, enda hafi það aldrei verið gert. Skipti í sjálfu sér ekki máli um hvers konar æfingu hafi verið að ræða, hvort hún hafi verið opin eins og í þessu tilviki eða á vegum einhvers ákveðins aðila. Ekkert í málinu sýni fram á og sanni að slík skylda hafi verið til staðar og það því ósannað.

Stefndi hafni því einnig sem röngu og ósönnuðu, sem stefnandi byggir á, að eftir slysið hafi starfsmenn váttryggingartaka sett upp niðurrhægingarbraut og í því felist viðurkenning á því að aðbúnaður og aðstæður í reiðhöllinni hafi verið hættulegar. Stefnandi árétti að óljóst sé hvort skortur á slíkri braut hafi eitthvað haft með slysið að gera.

En óháð því þá hafi æfingin verið eftir hefðbundinn opnunartíma reiðhallarinnar og var enginn starfsmaður váttryggingartaka þar við störf fyrir og á vegum félagsins enda engin þörf á því. Að mati stefnda standist það því ekki að starfsmenn váttryggingartaka hafi hlaupið til og sett upp búnað þegar eftir slysið. Stefnandi hafi enda ekki gert neina grein fyrir því hvaða starfsmenn þetta hafi verið og þá fjölda þeirra. Þá skuli bent á, að hafi einhver starfsmanna váttryggingartaka verið staddur í reiðhöllinni þetta kvöld, hafi hann (eða þeir) verið þar á eigin vegum og athafnir hans (þeirra) þar ekki tengdar starfsskyldum hans (þeirra) fyrir félagið.

Stefndi bendi jafnframt á að allt eins kunni að vera að aðrir sem verið hafi við æfingar í reiðhöllinni þetta kvöld hafi sett upp niðurrhægingarbraut en það hafi þeim að sjálfsögðu verið frjálst að gera, teldu þeir þess þörf.

Þar að auki hafni stefndi því sem röngu og ósönnuðu að uppsetning á niðurrhægingarbraut eftir slysið segi eitthvað til um skyldur váttryggingartaka í þeim efnum, hver svo sem það hafi gert. Enda hafi stefnandi ekki lagt neitt fram um að

vátryggingartaka hafi verið skylt að hafa slíka braut utan við reiðhöllinni á æfingum, hvort sem þær hafi verið opnar eins og þessi eða á öðrum.

Stefndi hafni því sem byggt sé á í stefnu að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 54. gr. reglugerðar nr. 941/2002 og telji það með öllu ósannað.

Tilvitnað ákvæði reglugerðarinnar snúi að hollustuháttum að því er varði heilsuræktar- og íþróttastöðvar og íþróttahús. Stefndi mótmæli því að háttsemi vátryggingartaka hafi að nokkru leyti verið andstæð þeim kröfum sem gerðar séu í ákvæðinu. Það sé almenns eðlis og geti ekki eitt og sér verið grundvöllur saknæmis vátryggingartaka, án þess að inntak þeirrar háttsemi sem vátryggingartaka hafi borið að viðhafa í þessu einstaka tilviki verði nánar tilgreint og þá að hvaða leyti brotið hafi verið gegn þessu ákvæði. Í öllu falli verði ekki séð að hvaða leyti brotið hafi verið gegn tilvitnaðri grein með saknæmum hætti og það því ósannað.

Þá verði ekki séð að hvaða leyti saknæm háttsemi vátryggingartaka geti falist í því að reglur um öryggi í íþróttahúsum hafi verið brotnar. Enda vísi stefnandi ekki til einstakra ákvæða sem hafi verið brotið gegn og þá með hvaða hætti það hafi verið gert. Meint brot séu því með öllu ósönnuð. Stefndi telji jafnframt vafa vera á hvort reglurnar eigi yfirhöfuð við um reiðhöllina en sönnunarbyrðin um það sé hjá stefnanda.

Meint saknæmi vátryggingartaka geti því að mati stefnda aldrei grundvallast á því að ákvæði reglugerðar 941/2002 eða ákvæði reglnanna um öryggi í íþróttahúsum hafi verið brotin.

Stefndi hafni því að brotið hafi verið gegn lögum og reglum um keppni á vegum Landssambands hestamanna, útg. 2 frá 2016, („lög LH“). Stefndi telji jafnframt að lög LH eigi ekki við um æfingu eins og þá sem um ræði.

Í stefnu sé vísað til gr. 1.1.2., 2.2.1.1., 2.2.3.1 og 8.5.1 um það sem byggt sé á um meinta sök vátryggingartaka. Stefndi hafni því að tilvitnaðar greinar hafi verið brotnar þannig að saknæmt sé og telji jafnframt að þær eigi ekki við.

Það má fyrst nefna að heiti laga LH bendi augljóslega til hins gagnstæða, en þar segi að þær eigi við um keppni á vegum LH.

Stefndi hafni því að í gr. 1.1.2 sé fjallað „um tilgang laganna“ heldur telji ljóst að greinin segi frá tilgangi og markmiðum vátryggingartaka en ekki laga LH. Það megi til að mynda sjá á því að greinin sé hluti af undirkafla 1.1 er varði „Skipulag“ og af orðalagi ákvæðisins „Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar [...] er það í verkahring LH að sinna [...]“. Ekki sé unnt að túlka þetta svo að það feli í sér rýmkun á gildissviði laga LH umfram það sem nafn þeirra gefi til kynna.

Í gr. 2.2.1.1 sé mælt fyrir um að „[...] þjálfun [skuli] uppfylla kröfur um góða meðferð hrossa og [megi] ekki stefna velferð þeirra í tvísýnu.“ Grein þessi nái ekki til vátryggingartaka þar sem félagið beri enga ábyrgð á þjálfun hrossins. Eigandi eða umráðamaður hests beri ábyrgð á þjálfun hans (eins og gefið sé til kynna í ákvæði 8.15 í lögum LH – viðauka 7) og samkvæmt 8. gr. reglugerðar um velferð hrossa nr. 910/2014 beri knapi fulla ábyrgð á hrossum sem hann noti til reiðar eða annarrar vinnu.

Þar fyrir utan mótmæli stefndi því alfarið sem röngu og ósönnuðu að aðstæður í reiðhöllinni hafi ekki uppfyllt kröfur um góða meðferð hrossa eða að þær hafi stefnt velferð þeirra í tvísýnu. Þá komi hvergi fram að ákvæði 2.2.1.1 sé ætlað að teygja

gildissvið reglna LH í heild þannig að þær nái utan um æfingar, hvort sem þær séu skipulagðar eða opnar, eins og stefnandi gefi í skyn.

Í gr. 2.2.3.1 um keppnissvæði, sem liggja innan kafla 2.2.3 um að „Keppni [megi] ekki ógna velferð hestsins“, segi að „hross [skuli] einungis þjálfuð eða keppa á hentugu og öruggu undirlagi“ og að „allar afmarkanir [skuli] hannaðar með öryggi hrossa í fyrirrúmi“. Ákvæðið geti ekki átt við um váttryggingartaka þar sem hvorki hafi verið um keppni á hans vegum að ræða né þjálfun félagsins á hrossi þegar atvik málsins hafi átt sér stað. Þá megi benda á að ákvæðið gildi um öryggi hrossa, ekki öryggi knapa.

Grein 8.5.1 um skeiðvelli liggja innan kafla 8.1 „Almennar reglur um íþróttakeppni“ og eigi eðli málsins samkvæmt ekki við um reiðmennsku utan íþróttakeppna. Fullyrðing stefnanda um að ákvæðið eigi við um skipulagðar æfingar fyrir keppni og að gera hafi mátt ráð fyrir að skeiðvöllurinn væri útbúinn á sama hátt og í keppni sé því röng og sé henni hafnað sem ósannaðri.

Jafnvel þó litið verði svo á að um skipulagða æfingu fyrir keppni hafi verið að ræða, þá telji stefndi það alls ekki tíðkast að uppfylla verði keppnisreglur, m.a. með því að setja upp niðurbæturbraut. Í öllu falli hafi stefnandi á engan hátt fært sönnur á það en ekkert slíkt verði að mati stefnda lesið úr lögum LH. Skyldur að því leyti séu því með öllu ósannaðar.

Að auki segi í gr. 8.3.2.1, þar sem fjallað sé um velli og innanhússmót, að reglur um vallarstæð og vallargerð eigi ekki við. Reiðhöll váttryggingartaka hafi ekki orðið utanhússvöllur þó að hurðir hafi verið opnar út í báða enda.

Stefndi telji því lög LH ekki eiga við í málinu, í öllu falli hafi á engan hátt verið brotið gegn þeim og þau því ekki grundvöllur saknæmis af hálfu váttryggingartaka.

Í stefnu sé saknæmi váttryggingartaka talið felast í því að skortur á niðurbæturbraut hafi verið til þess fallinn að „hestar [rykju] með knapa út um hurðina, í hvaða átt sem [sé], án þess að mögulegt [væri] að hægja þá niður“. Stefndi telji sömuleiðis að nauðsynlegt hafi verið „að setja upp línur og afmarka svæði þar sem leggja [hafi átt] hesta á skeið svo hestarnir sem verið [sé] að skeiðleggja [hafi getað] áttað sig á því hvar brautin [hafi endað] og hvar þeir [hafi átt] að hægja ferðina og nema staðar“. Stefndi virðist þannig byggja á því að tilgangur niðurbæturbrautar sé að koma í veg fyrir slys sem þetta. Stefndi mótmæli þessum staðhæfingum sem röngum og ósönnuðum.

Stefndi árétti það sem fyrr sé komið fram um að ósannað sé að skortur á niðurbæturbraut hafi eitthvað haft með slysið að gera. Einnig að það sé ósannað að váttryggingartaka hafi verið skylt að setja upp slíka braut á opinni æfingu eins og þessari – sem og á hvers konar æfingum.

Þar að auki bendir stefndi á, að með því að hafa svona braut sé fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að umferð, hvort sem sé gangandi fólks eða bifreiða, sé á því svæði þar sem hestarnir komi úr höllinni, enda megi gera ráð fyrir töluverðri umferð slíks þegar keppt sé. Það eigi hins vegar ekki við þegar æfingar sé.

Fullyrðing stefnda um að skortur á niðurbæturbraut hafi verið til þess fallinn að hestar missi stjórn á sér og ómögulegt sé að hægja á þeim, sé að mati stefnda fjarri lagi og ósönnuð. Hestum sé að jafnaði fullkomlega treystandi til þess að skeiða út um opnar dyr án þess að ærast, hvort sem niðurbæturbraut sé fyrir hendi eða ekki, þeir þurfi

ekki slíka braut til að geta „áttað sig á því [...] hvar þeir eigi að hægja ferðina og nema staðar“. Megi ætla að vel þjálfað hross fylgi almennt skipunum knapa og hægi á sér eða stoppi þegar togað sé í tauminn.

Hins vegar, eins og fyrr hafi komið fram, sé eðli hesta að taka á sprett ef eitthvað í aðstæðum verði til að styggð komi að þeim, af hvaða ástæðum sem það sé. Það hafi hins vegar ekkert með að gera hvort niðurhægingarbraut sé til staðar eða ekki, slíkt sé að mati stefnda með öllu ósannað. Þá verði ekki séð hvernig slík braut hefði komið í veg fyrir að hestur stefnandi hlypi út undan sér, eins og stefnandi sjálf hafi kveðið hann eiga til að gera.

Hér þurfi líka að hafa í huga að breidd niðurhægingarbrautar utan við reiðhöllina sé sú sama og breidd hurðarinnar, líklega um 5 metrar. Verði ekki séð að brautin geti komið í veg fyrir að hestur geti stokkið í til hliðar, tekið á rás eða snarstoppað.

Af öllu framangreindu telji stefndi að stefnandi hafi á engan hátt sýnt fram á og sannað að niðurhægingarbraut hefði breytt einhverju um slys stefnanda; því sé á engan hátt sýnt fram á að slysið hafi verið fyrirsjáanleg afleiðing af því að slík braut hafi ekki verið til staðar.

Ekki liggi annað fyrir í málinu en aðbúnaður og aðstæður í reiðhöllinni að kvöldi 6.4.2016 hafi verið fullnægjandi og eins og búast hafi mátt við á æfingu sem þessari og engan vegin þar fyrir hendi sérstök slysaþætta. Umstefnt slys hafi því ekki verið að rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka heldur hafi það orðið fyrir hreina og klára óhappatilviljun og þá allt eins að rekja til aðgæsluleysis stefnanda sjálfrar

Stefndi byggi sýknukröfu sína í þriðja lagi á því að jafnvel þó dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að váttryggingartaki hafi sýnt af sér sök með því að hafa ekki haft niðurhægingarbraut utan við reiðhöllina, þá sé bótaréttur stefnanda niður fallinn vegna gáleysis hennar sjálfrar. Byggi það á almennum reglum skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola. Stefnandi sé reynd hestakona. Henni hafi því borið að sýna aðgæslu við æfinguna, ekki síst þar sem hún, að sögn, hafi vitað að hesturinn ætti það til að hlaupa út undan sér. Þá hafi stefnanda borið skylda til að kanna aðstæður áður en hún hafi byrjað æfinguna, ekki síst í ljósi þess að hún virðist telja niðurhægingarbraut nauðsynlegt öryggistæki.

Stefndi vísi að öðru leyti til fyrri umfjöllunar, eftir því sem við eigi, og telji að einnig megi um þetta horfa til sjónarmiða er varði áhættutöku. Þá skuli sérstaklega áréttað að stefnandi hafi sjálf lýsti því yfir í tilkynningu að hún teldi slysið eingöngu á hennar eigin ábyrgð.

Með því að fyrir liggi að stefnandi hafi ekki sýnt þá aðgæslu sem hafi mátt ætlast til að hún gerði í þessum aðstæðum, hafi hún sýnt af sér slíkt gáleysi að líta beri svo á að hún hafi fyrirgert mögulegum bótarétti að fullu.

Stefndi byggi sýknukröfu sína í fjórða lagi á því að stefnandi hafi fyrirgert bótarétti vegna samþykkis og áhættutöku. Reglur skaðabótaréttar um áhættu byggi á grundvelli fræðilegra viðhorfa, dómaframkvæmdar og niðurlags 13. kafla Mannhelgisbálks Jónsbókar frá 1281.

Það sé þekkt að áhætta fylgi reiðmennsku og sé fall af hestbaki og slys í tengslum við hestaíþróttir nokkuð algeng. Enda sé íþrótt sem þessi, þar sem lifandi skepna sé í

öðru aðalhlutverkinu, augljóslega til þess fallin að hafa hættu í för með sér og þurfi knapi ávallt að vera viðbúinn hinu óvænta. Stefnanda sé, eða í það minnsta hafi mátt vera, ljós sú áhætta sem því fylgi að stunda íþróttina og sé ákvörðun hennar um það fyllilega meðvituð. Beri að mati stefnda að horfa til þessa við sakarmatið og leiði áhættutaka þá til þess að bótaréttur teljist niður fallinn.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda sé þess krafist til vara að sök verði skipt og réttur stefnanda til skaðabóta aðeins viðurkenndur að hluta. Enda ljóst af atvikum öllum að umstefnt óhapp hafi fyrst og fremst orðið vegna þess að stefnandi hafi ekki gætt að sér með fullnægjandi hætti í tengslum við þá íþrótt sem hún hafi stundað; ekki síst í ljósi reynslu hennar í umgengni við hesta og vitneskju hennar um skaplyndi þessa tiltekna hests sem hún hafi æft á.

Vísist um þetta til umfjöllunar um aðalkröfu eftir því sem við geti átt, einkum um eigin sök og áhættutöku. Leiði af þessu að skipta beri sök og leggja mestan hluta ábyrgðar á stefnanda sjálfa. Byggi þetta á reglum skaðabótaréttar um áhrif eigin sakar á bótarétt og áralangri dómvenju.

Stefndi kveðst vísa til almennra reglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar, reglna um sönnun og sönnunarbyrði, óhappatilvik, áhættutöku og eigin sök tjónþola, reglugerðar um velferð hrossa nr. 910/2014, reglna á dskj. 23 og 24, skaðabótalaga nr. 50/1993 auk laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og byggi málskostnaðarkrafan á 129. og 130. gr. laganna.

### **Niðurstaða dómsins**

Hestamannafélagið Léttir auglýsti skeiðæfingar að kvöldi 6. apríl í aðdraganda móts 8. apríl. Stefnandi var skráð til þátttöku í keppni í flugskeiði, en þar leggur keppandi hest sinn á skeið inn um dyr á öðrum gafli reiðhallarinnar, fer eftir endilangri keppnisbraut innanhúss og síðan út úr húsinu um dyr á öndverðum gafli þess. Stefnandi kvaðst hafa komið í hópi hestamanna frá Dalvík, vera vön hesta- og tamningakona en ekki áður keppt í skeiði í gegnum reiðhöll. Hún hafi fyrst teymt hestinn gegnum húsið fram og til baka og út. Hún hafi einnig farið brautina á feti. Hún hafi átt að sjá að ekki var afmarkað svæði til að hægja á en hafi ekki hugsað út í það. Hún hafi verið fyrst viðstaddra til að leggja hestinn í gegnum höllina og það gengið vel. Hesturinn hafi svo stokkið upp í kýrstökk í dyrunum, beygt snögglega upp með húsinu, stoppað á bílaröð við innganginn og hún dottið af baki. Stefnandi lýsti atvikinu með sama hætti í tjónstilkynningu, dags. 15. apríl 2016, þ.e. að þegar hesturinn hafi verið að koma á enda brautarinnar og út hafi hann stokkið upp og snarbeygt með húsinu og neglt niður. Þá taldi hún þó að þetta hafi verið óhapp en kvaðst síðar hafa áttað sig á að niðurhægingarbraut hefði átt að vera afmörkuð. Lýsing hennar af atvikinu fær stoð í yfirlýsingu vitnisins [...] sem hún staðfesti fyrir dóminum. Að áliti dómsins er sennilegt að hestur bregðist með þessum hætti við því að koma á mikilli ferð inn úr húsi út á opið svæði.

Vitnið [...], forstöðumaður Reiðhallarinnar á Akureyri og framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis, kvað reiðhöllina opna á virkum dögum klukkan 8-22 og um helgar klukkan 10-19. Félagar í Létti hafi aðgangskort að höllinni en hún sé opnuð til æfinga fyrir aðra fyrir mót. Umrædd æfing hafi aðeins verið fyrir þá sem voru skráðir til

keppni í skeiði 8. apríl, félagsmenn og aðra keppendur. Vitnið hafi farið heim klukkan fjögur og verið þar þegar hann hafi fengið tilkynningu um slysið. Vitnið kvað ætlast til þess að notendur reiðhallarinnar komi sjálfir upp nauðsynlegri aðstöðu og fyrir utan hafi verið búnaður til að afmarka niðurbæturbraut fyrir þá sem það myndu vilja. Aðspurtt kvað vitnið þeim sem tóku þátt ekki hafa verið sérstaklega kynntur búnaðurinn. Slík braut sé hins vegar alltaf sett upp í keppni, hann sjái um að svo sé. Tilgangurinn sé að tryggja öryggi, annars vegar að búa til stýringu fyrir hestinn og hins vegar til að verja reiðsvæðið því að hestar komi út á mikilli ferð og umferð geti verið fyrir utan húsið.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 skal rekstri íþróttahúsa þannig háttáð að heilsa og öryggi þeirra sem þangað koma sé sem best tryggð. Samkvæmt 3. mgr. ber rekstraraðili íþróttahúsa ábyrgð á að tæki og búnaður til íþróttaiðkunar sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum.

Hestamannafélagið Léttir rekur íþróttahús í skilningi ákvæðisins. Í aðdraganda keppni í flugskeiði auglýsti félagið skeiðæfingar og var þar tekið fram að húsið yrði opið í báða enda. Fyrir lá að þeir sem voru skráðir til leiks í mótinu voru ekki allir í félaginu heldur komu keppendur einnig annars staðar frá. Því var ekki aðeins um að ræða fólk sem þekkti aðstæður. Verður að telja að þeir sem mættu til æfingarinnar hafi mátt gera ráð fyrir að þar væri einhver fulltrúi félagsins sem þekkti til aðstæðna, myndi setja upp brautina eins og um mót væri að ræða og að fyllsta öryggis væri gætt.

Það er álit dómsins, (sem er skipaður sérfróðum meðdómanda sem er sérfræðingur í tamningum og hegðun hesta), að þau viðbrögð hests sem kemur á mikilli ferð út úr húsi á opið, óafmarkað svæði, að snarbeygja til hliðar með húsinu, séu viðbrögð sem búast hafi mátt við. Þá er það einnig mat dómsins að það hefði ekki gerst ef línur hefðu verið settar upp til að afmarka braut til að hægja á ferð hestsins þegar út var komið. Samkvæmt framangreindu verður að telja að tjón stefnanda verði rakið til þess að aðstandendur hestamannafélagsins Léttis hafi sýnt af sér gáleysi með því að tryggja ekki með þeim einfalda búnaði sem til þurfti, og var á staðnum, fullnægjandi öryggi á auglýstri æfingu fyrir þessa tilteknu keppnisgrein. Ber félagið því skaðabótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi varð fyrir. Óumdeilt er að félagið hafði á þessum tíma ábyrgðartryggingu hjá stefnda sem tekur til þess atviks sem fjallað er um í málinu. Verður samkvæmt framansögðu fallist á kröfur stefnanda, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóð þar með talin gjafsóknarlaun lögmanns hennar, Hauks Freys Axelssonar, sem þykja hæfilega ákveðin 1.953.000 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Með vísan til úrslita málsins og 4. mgr. 128. gr., sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða málskostnað í ríkissjóð. Með hliðsjón af því að aukinn kostnaður hefur fallið á stefnda vegna dómarskipta sem urðu eftir að mál hafði verið flutt í öndverðu verður stefnda gert að greiða 1.600.000 krónur í ríkissjóð.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómendum Arnbjörgu Sigurðardóttur héraðsdómara og Þóri Magnúsi Lárussyni, M. Ag., sérfræðingi í tamningu og hegðun hesta.

### **D ó m s o r ð :**

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Guðrúnar Rutar Hreiðarsdóttur, til greiðslu úr ábyrgðartryggingu sem hestamannafélagið Léttir hafði hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., vegna slyss sem hún varð fyrir þann 6. apríl 2016.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun, Hauks Freys Axelssonar lögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 1.953.000 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Stefndi greiði til ríkissjóðs 1.600.000 krónur í málskostnað.